

betra fyrir hana að flytja sig. Nú væri hún komin á nýja skoðun. Og hún væri miklu betri en sú gamla. Og henni var orðið illa við allar gamlar skoðanir.

„Já, eg flyt mig!“—sagði björkin. „Eg flyt mig beint upp á klettinn þarna, hátt upp yfir eikina.“ Og hugsunin fór svo notaða um björkina, að nú skyldi hún komast hærra en eikin, miklu hærra.

Henni var í nöp við eikina; því eikin hafði ámint hana um að vera kyrr og fundið að við hana. Nú ætlaði hún að sýna eikinni, að þeir eldri vissu ekki æfirlæga meira en þeir yngri. Og þegar hún væri komin upp á klettinn, skyldi hún segja öllum frá því, hvað heimskulegt það væri, að vera í lágunum og lautunum. Allir ættu að eins að hugsa um að komast sem allra hæst.

Og nú labbar björkin sig á stað og stígur stórum. „Hvaða skelfilegur asi er á björkinni!“—sögðu litlu blómin í lautunum. Hún leit ekki við þeim. Lét sem hún heyrði það ekki, en hélt áfram. Og þegar hún kom að klettinum, tók hún á sig kast og hentist upp á hann.

„Skárrí eru það ósköpin!“—sagði kletturinn. Hann fann, að það var eitthvað um að vera.

Þarna stóð þá björkin uppi á klettinum. Henni fanst það þó munur, hvað léttara væri að draga andann nú, heldur en niðri í láginni. Og henni fanst það þó vera munur, hvað hún sá nú miklu lengra heldur en niðri í láginni. Og henni fanst það þó vera munur, hvað miklu bjartara var þarna, heldur en niðri í láginni. Og hún rétti úr sér, og hún teygði úr sér. Hún vildi nú teyga í sig lífið miklu betur en áður og lifa frjálslegar en áður niðri í láginni.

„En — hvað er þetta? Hvaða tilfinningar eru þetta?“ — Það fór undarlegur skjálfti um björkina. Og alt fór að breytast í kring um hana. Einhvern þoku-reyk lagði um alt — um láginu og lautirnar, um eikina og trén hin, og seinast um klettinn, sem hún stóð á. Alt varð dekkra. Það fór að rökkva — varð dimt alt í kring um vesalings-björkina.

Hún hafði staðið með ræturnar berar á klettinum. Hún hafði gleymt rótunum sínum.

Næsta morgun, meðan alt var kyrt og börnini sváfu, kom sólin og ætlaði að kyssa birkitréð góðan daginn. Og litlu fuglarnir komu og ætluðu að syngja morgun-sönginn sinn í trénu. Þá var það visnað. Og svo komu börnini í láginu, til þess að leika sér hjátrénu sínu. En þá var það farið. Og þau sáu það þarna uppi á klettinum visnað.